

Nr. 18-189 S 130 Bergvík GK 22***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2617
Smíðaður: Mótun, 2004, plast
Útgerð: GunGum ehf.
Stærð: 11,05 brl. 14,79 bt.
Mesta lengd: 12,52 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,64 m Dýpt: 1,35 m
Vél: Cummins, 302 kW, 2003.
Fjöldi skipverja: 2



Bergvík©NN

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 18. október 2018 var Bergvík GK 22 við bryggju í Keflavík. Veður: SSA 10 m/s.

Verið var að útbúa bátinn til netaveiða. Þegar skipverjar voru að hífa spilborð um borð skall netarúllan á því út með þeim afleiðingum að hún lenti á vinstri þumalfingri eins þeirra.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var upp á bryggju og hélt við spilboðið með vinstri hendi með þumalfingurinn staðsettan í sæti fyrir netarúlluna þegar hún var sett út;
- að sögn skipstjóra var vindsperringur og halli á borðinu olli því að rúllan hoppaði út;
- að spilborðið var híft ofan í bátinn með löndurnarkrana á bryggjunni;
- að fingurinn brotnaði illa.



Myndin sýnir netaborðið, komið um borð, netarúlluna og sætið sem hún situr í þegar henni er slegið út.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.